

ökulagi hefur verið fyrirgert rétti til skaðabóta vegna tjóns þess, sem stefnendur urðu fyrir, er slysið vildi til, samkvæmt e lið 9. gr. vátryggingarskilmála þeirra, er giltu um kaskótryggingu bifreiðarinnar. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.
Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar, á að vera sýkn af kröfum stefnenda, Gísla Gíslasonar og Ásdísar Guðmundsdóttur f. h. dánarbús Stefáns Gíslasonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 20. janúar 1971.

Nr. 194/1970. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Leifi Ingólfssyni

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Líkamsáverkar. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur vitnið Gunnar Sigurður Magnússon komið fyrir sakadóm af nýju og borið, að framburður eiginkonu ákærða um líkamleg mök þeirra, konunnar og vitnisins, sé réttur og að ákærða hafi verið um þetta kunnugt.

Að svo vöxnu máli og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um frestun ákvörðunar um refsingu ákærða og svo um greiðslu sakarkostnaðar.

Ekki hafa verið færðar sönnur á, að Gunnar Sigurður Magnússon hafi orðið af vinnutekjum vegna áverka þeirra, er hann hlaut af völdum ákærða. Að þessu athuguðu þykja heildarbætur til Gunnars Sigurðar hæfilega ákveðnar kr. 15.000.00, og verður ákærði dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, en skipaður verjandi ákærða fyrir Hæstarétti, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, hefur afsalað sér málsvarnarlaunum.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um frestun ákvörðunar um refsingu ákærða skal vera óraskað og svo ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði, Leifur Ingólfsson, greiði Gunnari Sigurði Magnússyni kr. 15.000.00.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Framhaldspróf hafa verið háð eftir uppsögu sakadóms. Við þau próf hefur Gunnar Sigurður Magnússon borið m. a.:

„Vitnið kveður það rétt haft eftir Önnu Jónu Dam Ingólfsson, að það hafi framið með henni hjúskaparbrott og að ákærða hafi verið um það kunnugt. Þá segir vitnið það vera rétt, að það hafi hringt heim til ákærða að næturlagi og þá spurt ákærða, hvort það ætti að gefa með barni því, er Anna J. Dam Ingólfsson gekk með. Vitnið kveðst þó ekki muna orðalag, en telur, að það hafi verið eitthvað á þá leið, er að ofan er skráð. Vitnið segir, að það sé hugsanlegt, að

það hafi hringt oftár en einu sinni til ákærða, en man ekki eftir nema einu skipti“.

Atburður máls þessa gerðist í íbúð Jóns Ólafs Karlssonar í húsinu nr. 18 við Hjallabrekku í Kópavogi. Gunnar Sigurður Magnússon, sem þar var kominn, vildi eigi vikja þaðan samkvæmt boði Jóns Ólafs. Sótti Jón Ólafur svila sinn, ákærða í máli þessu, að því er ætla verður, sér til fulltingis. Þá er ákærði kom í nefnt hús, réðst hann þegar á Gunnar Sigurð Magnússon og veitti honum þá áverka, sem í sakadómi er lýst. Áverkar þessir varða ákærða við 218. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. En þar sem Gunnar Sigurður Magnússon hafði áður gerzt sekur um stórfelldar meingerðir við ákærða, þykir rétt að fella refsingu hans niður samkvæmt 4. tl. og síðustu málsgrein 74. gr. laga nr. 19/1940, sem kveða svo á, að fella megi refsingu niður, þegar maður hefur framið brot í mikilli reiði eða gedæsingu, sem sá, er fyrir brotinu verður, hefur vakið hjá honum með ólögmati hegðun eða stórfelldri móðgun.

Í máli þessu krefst Gunnar Sigurður Magnússon skaðabóta úr hendi ákærða vegna áverkanna. En hér er á það að líta, að ákærði á fégjaldsrétt á móti á hendur Gunnari Sigurði samkvæmt 264. gr. laga nr. 19/1940 vegna meingerða Gunnars Sigurðar við ákærða. Ákærði átti þess hins vegar eigi kost að framfylgja fégjaldskröfu þessari í refsímáli því, sem hér er til meðferðar. Það er algerlega ókannað, hvort Gunnar Sigurður Magnússon á nokkra umframkröfu á ákærða, þá er öll kurl eru til grafar komin og öllu er til skila haldið. Út frá réttlætissjónarmiðum ber brýna nauðsyn til, að fjárkröfur þeirra Gunnars Sigurðar Magnússonar og ákærða, hvors á hendur hinum, séu kannaðar og dæmdar í einu lagi. Það er því eigi réttvist, eins og sakir standa, að dæma ákærða til að greiða Gunnari Sigurði Magnússyni skaðabætur. Er skaðabótakrafa hans að svo vöxnu máli ekki tekin til greina.

Dæma ber ákærða til að greiða sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.00, en Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður,

verjandi ákærða fyrir sakadómi og Hæstarétti, gerir eigi kröfu til málsvarnarlauna.

Dómsorð:

Refsing ákærða, Leifs Ingólfssonar, fellur niður.

Skaðabótakrafa Gunnars Sigurðar Magnússonar er eigi tekin til greina.

Ákærði greiði sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. maí 1970.

Ár 1970, miðvikudaginn 20. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Ármanni Kristinsyni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 252/1970: Ákærvaldið gegn Leifi Ingólfssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 19. marz 1969, gegn ákærða Leifi Ingólfssyni húsasmið, Safamýri 51, Reykjavík, fæddum þar í borg 4. janúar 1935, fyrir líkamsárás með því að hafa að morgni sunnudagsins 10. nóvember 1968 ráðizt á Gunnar Sigurð Magnússon myndlistarmann, Skólavörðustíg 3 A, Reykjavík, er þeir voru staddir að Hjallabrekku 18, Kópavogi, og slegið hann nokkur hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að Gunnar Sigurður hlaut nefbrot og glóðaraugu á báðum augum auk minni háttar meiðsla.

Telst þetta varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1954 1/11 í Reykjavík: Dómur: 2.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 18 mánuði, fyrir brot á áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum.

1959 10/12 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlaga-brot.

1960 15/12 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlaga-brot.

1966 17/5 í Reykjavík: Áminning fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 10. nóvember 1968, klukkan 1040, var lögreglunni í Kópavogi símleiðis skýrt frá því, að maður hefði orðið fyrir árás og væri hann staddur fyrir utan húsið nr. 18 við Hjallabrekku. Lögreglan fór á staðinn og hitti þar Gunnar Sigurð Magnússon myndlistarmann, Skólavörðustíg 3 A, Reykjavík, fæddan 27. september 1930, sem var alblóðugur í andliti og sýnilega talsvert skaddaður. Lögreglan flutti Gunnar Sigurð á slysa-varðstofu, en hann hafði áður lýst árásarmanninn vera ákærða í máli þessu, sem staddur væri í húsinu Hjallabrekku 18. Lögreglan fór inn í húsið og hafði tal af ákærða, og segir svo um það samtali í lögregluskýrslu:

„... Leifur viðurkenndi að hafa slegið Gunnar, og lét hann þess jafnframt getið, að hann hefði aðeins fengið það, sem hann ætti skilið, og ennfremur að svona meðferð skyldi hann fá, hvenær sem hann hitti hann ...“.

Vitnið Ingólfur Ingvarsson lögregluvarðstjóri, Digranesvegi 56, Kópavogi, staðfesti lögregluskýrslu sína fyrir dómi. Vitnið staðhæfði, að allmiklir áverkar hefðu sézt á Gunnari Sigurði og hann verið mikið blóðugur. Virtist vitninu hann og ákærði vera eitthvað undir áhrifum áfengis. Vitnið kvað Gunnar Sigurð hafa tjáð því á vettvangi, að ákærði hefði slegið hann tilefnislaust að fyrri bragði, og játti ákærði því, en bar jafnframt fyrir sig þær málástæður, að ákærði hefði haft óæskileg kynni af eiginkonu hans.

Vitnið Gunnar Sigurður Magnússon skýrði svo frá, að umræddan sunnudagsmorgun hefði Anna Jóna Dam Ingólfsson, eiginkona ákærða, hringt til þess og beðið það um að koma að Hjallabrekku 18 í Kópavogi. Kvaðst vitnið hafa orðið við þessu, enda kunnugt konunni frá fyrri tímum. Þá er að Hjallabrekku 18 kom, hefði nefnd eiginkona ákærða tekið á móti vitninu ásamt systur sinni, Guðrúnu Kristínu Pétursdóttur Dam, því verið boðið inn og setið á tali við þær systur í um klukkustund, en þá hefði húsráðandi óskað þess, að það hyrfi á brott, enda ákærði verið væntanlegur á staðinn. Vitnið kvaðst hafa verið í þann mund að fara og komið í frakkann, þegar ákærði hefði undið sér inn, veitst umsvifalaust og án orðaskipta að því og slegið það nokkur hnefahögg í andlit, þannig að það hefði nefbrotnað og hlotið

glóðaraugu á báðum augum, en fót þess útatazt blóði. Sagðist vitnið hafa stjakað ákærða frá sér og komizt út. Þá er vitnið var yfirheyrt í dómi hinn 31. marz 1969, kvaðst það hafa náð sér eftir meiðslin. Vitnið taldi, að ákærði hefði framið árás þessa af afbrýðisemi. Ekki kvaðst vitnið hafa haldið við konu ákærða, en minntist þess, að það hefði einhvern tíma undir áhrifum áfengis hringt til ákærða og spurt hann að því, hvort það ætti að gefa með barni hans, en mundi ekki nákvæmt orðalag samtalsins. Vitnið kvaðst ekki hafa verið ölvað, þá er átökin áttu sér stað, en neytt vins daginn áður og gengið til náða klukkan um 0200 til 0300 um nóttina. Vitninu virtist Anna Jóna Dam Ingólfsson vera undir léttum áhrifum áfengis, en gat ekki borið um ástand ákærða.

Vitnið Jón Ólafur Karlsson vélvirki, Hjallabrekku 18, Kópavogi, kvaðst laugardagskvöldið 9. nóvember 1968 hafa farið á skemmtistað Hótel Loftleiða hér í borg ásamt eiginkonu sinni, vitninu Guðrúnu Kristínu Pétursdóttur Dam, og í fylgd með þeim hjónum verið mágkona þess, vitnið Anna Jóna Dam Ingólfsson, og svili, ákærði í málinu. Eftir að dansleik lauk, hefði Anna Jóna Dam Ingólfsson farið heim með þeim hjónum ásamt fleira fólki, það verið að skemmta sér fram eftir nóttu, en vitnið gengið til hvílu um klukkan 0500. Þá er vitnið vaknaði um fjórum klukkustundum síðar, hefði Gunnar Sigurður Magnússon verið kominn inn á heimili þess, vitnið og þau hjón margbeðið hann um að hverfa á brott úr íbúðinni, en hann ekki viljað verða við því. Kvaðst vitnið hafa ekið í leigubifreið til Reykjavíkur heim til ákærða, sem farið hefði með vitninu til baka, og engum togum skipt, þá er inn í íbúðina kom, að ákærði hefði veitst að Gunnari Sigurði og slegið hann í andlit, engin orð farið á milli þeirra, en vitnið minnti, að ákærði hefði tekið gleraugun af honum, áður en hann sló til hans. Vitnið kvað þær systur Önnu Jónu og Guðrúnu Kristínu Dam hafa verið viðstaddir átökin. Ekki sá það Gunnar Sigurð sýna þeim nokkra ástleitni þar á staðnum, en hafði heyrt, að hann hefði fyrir, á meðan ákærði var á sjó, haldið við eiginkonu hans sem og egnt ákærða símleidis í því sambandi. Vitnið taldi, að Anna Jóna hefði greint sinn verið eitthvað undir áhrifum áfengis, sjálft hefði vitnið fundið til lítils háttar áfengisáhrifa, en ekki séð vínáhrif á Gunnari Sigurði eða ákærða.

Vitnið Anna Jóna Dam Ingólfsson, eiginkona ákærða, skýrði svo frá, að ákærði hefði ekki farið frá veitingastaðnum að Hjalla-

brekku 18 í Kópavogi vegna einhverrar afbrýðisemi, sem það taldi þó ástæðulausa með öllu, en sjálfst hefði vitnið farið þangað og setið þar að drykkju fram á morgun. Klukkan 0900 kvaðst vitnið hafa hringt til Gunnars Sigurðar Magnússonar og beðið hann að koma til þess að Hjallabrekku 18 og hefði hann komið að nokkrum tíma liðnum. Vitnið staðhæfði, að það hefði sagt Jóni Ólafi Karlssyni, að það hygðist tala við Gunnar Sigurð og hann verið búinn að sættast á það, enda þótt þau hjónin væru á móti því, að Gunnar Sigurður kæmi. Hins vegar hefði Jón Ólafur gert ákærða aðvart um, að Gunnar Sigurður væri kominn, en Gunnar Sigurður ekki viljað fara, þótt honum væri sagt, að ákærði væri væntanlegur. Vitnið taldi, að Gunnar Sigurður hefði tafið að Hjallabrekku 18 í um eina klukkustund og þau aðeins verið að ræða þar saman. Ekki sá vitnið áfengisáhrif á Gunnari Sigurði, en sjálfst kvaðst vitnið hafa verið örvað af víni, en þó ekki ölvað. Þá er tekin var skýrsla af vitninu hjá rannsóknarlögreglu hinn 10. nóvember 1968, skýrði það svo frá, að þá er ákærði kom að Hjallabrekku 18, hefði engum togum skipt, að hann hefði ráðizt á Gunnar Sigurð og slegið hann, en þó gæti vitnið ekki borið nánar um slagsmálin, þar sem það hefði ekki séð þau, enda verið að forða börnum systur sinnar frá því að sjá, hvað fram færi. Á dómþingi hinn 8. apríl 1970 bar vitnið hins vegar, að ákærði hefði vísað Gunnari Sigurði á brott, áður en til átaka kom, sem og að Gunnar Sigurður hefði tekið á móti barsmíðum ákærða. Vitnið kvaðst vilja viðurkenna, að það hefði framið hjúskaparbrot með Gunnari Sigurði, og sagði, að ákærða hefði verið kunnugt um það. Gunnar Sigurður hefði á stundum hringt í ákærða, jafnvel að næturlagi, og einu sinni, þá er vitnið var með barni, verið að gaspra við þau hjónin um, hvor þeirra ákærða ætti barn þess. Vitnið kvaðst seinast hafa hitt Gunnar Sigurð rösku ári, áður en atvik það átti sér stað, sem ákært er vegna.

Vitnið Guðrún Kristín Pétursdóttir Dam, mágkona ákærða, kvað Gunnar Sigurð Magnússon hafa komið að Hjallabrekku 18 eftir símlægri beiðni systur þess. Vitnið kvaðst sjálfst hafa verið á móti veru hans á heimilinu og bæði það og eiginmaður þess vísað honum á brott, en hann ekki viljað fara. Sagði þá eiginmaður vitnisins við hann, að hann mundi ná í ákærða, og kvaðst Gunnar Sigurður ekkert hafa á móti því, taldi sig hafa gaman af að hitta hann. Ekki mundi vitnið, hvort einhverjar orðræður hefðu átt sér stað milli þeirra ákærða og Gunnars Sigurðar, þær

að minnsta kosti verið skammar, en ákærði síðan tekið gleraugun af Gunnari Sigurði, slegið hann og fleygt honum út, en vitnið hugði, að Gunnar Sigurður hefði eitthvað tekið á móti. Vitninu kvaðst vera kunnugt um af frásögn systur þess, Önnu Jónu Dam, að hún hefði í nokkurn tíma staðið í ástarsambandi við Gunnar Sigurð og til þess sambands verið stofnað, á meðan hún var gift ákærða.

Ákærði kvaðst hafa farið einsamall heim til sín af dansleiknum á Hótel Loftleiðum, vegna þess að þeim hjónum hefði orðið sundurorða. Klukkan um 1000 morguninn eftir hefði Jón Ólafur Karlsson hringt til hans og sagzt ætla að koma. Skýrði hann þá ákærða frá því, að Gunnar Sigurður Magnússon væri staddur á heimili hans að Hjallabrekku 18 í Kópavogi. Ákærði kvaðst hafa farið með Jóni Ólafi þangað og er inn í stofuna kom, séð Gunnar Sigurð standandi þar á golfinu, umsvifalaust ráðizt á hann, án þess að nokkur orðaskipti ættu sér stað, en þó áður tekið af honum gleraugun. Um leið og ákærði sló Gunnar Sigurð, kvaðst hann hafa sagt honum að fara út, hann neitað því, og ákærði þá barið hann nokkur högg í andlit með krepptum hnefa. Ekki taldi ákærði sig hafa fundið til áhrifa áfengis, og hann neitaði því að hafa haft í hyggju að berja Gunnar Sigurð, áður en hann kom á staðinn, en gert það í ofsalegu reiði- og afbrýðikasti, þar sem Gunnar Sigurður hefði áður haldið við eiginkonu hans og rúmu ári áður orðið uppvís að því. Ákærði kvað Gunnar Sigurð hafa hringt til sín um 10 mánuðum áður og spurt, hvor þeirra hann héldi, að ætti barn það, sem eiginkona ákærða gekk þá með. Hins vegar hugði ákærði, að Gunnar Sigurður hefði ekki að undanfögnu haft samband við eiginkonu hans.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Sigurðar Björnssonar læknis, svohljóðandi: „Gunnar S. Magnússon myndlistarmaður, Skólavörðustíg 3 A, Reykjavík, kom á slysadeild Borgarspítala 10. 11. 1968 kl. 10.20.

Gunnar sagðist hafa verið staddur í húsi í Kópavogi þá um morguninn. Sagði hann, að maður nokkur hefði ráðizt á sig og slegið sig óviðbúinn í andlitið. Ekki kvaðst Gunnar hafa slegið á móti, en á hinn bóginn tekið á árásarmanninum til þess að hefta hann. Fór síðan í næsta hús og hringdi í lögreglu. Hann kvaðst ekki hafa misst meðvitund við höggið, en kennt smávegis flökurleika, ekki selt upp. Sagðist hafa höfuðverk hægra megin í höfðinu.

Við komu hingað var Gunnar allmikið bólginn undir báðum

augum, einkum vinstra megin, og er þar talsvert glóðarauga. Þá eru skrámur víða um andlitið, mest hægra megin á enni. Nokkuð blæðir úr afrifu á vinstra eyra. Nefið er dálítið bólgið og virðist aumt viðkomu. Þá sést blæðing í augnslímhúð hægra megin.

Röntgenskoðun af nefi leiddi í ljós brot á nefbeini með 2—3 mm lækun á hægra hluta beinsins og nokkurri skekkju yfir til hægri. Ekki sáust önnur brot í andlitsbeinum.

Gert var að sárum Gunnars, og greru þau eðlilega. Hann kom í eftirlit 15. 11. og kvartaði þá um verki í baki og herðum ásamt stirðleika í vinstri öxl. Við skoðun þá marraði talsvert í þeirri öxl við hreyfingar. Gat það bent til blæðingar í vöðva eða umhverfis axlarliðinn. Skoðunin gaf ekki grun um löskun á beinum. Var Gunnari ráðlögð sjúkráþjálfun á öxlina.

Ekki er ástæða til að ætla, að Gunnar beri varanlegt tjón af framangreindu“.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við vitnaframburði þá, sem raktir hafa verið hér að framan, og önnur gögn málsins telst nægilega sannað, að ákærði hafi greint sinn veitzt að Gunnari Sigurði Magnússyni og slegið hann nokkur hnefahögg í andlit. Samkvæmt læknisvottorði urðu meiðsl hans slík, að háttsemi ákærða, sem er rétt lýst í ákæru, varðar við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með vísan til atvika allra sem og þess, að ákærði hefur ekki áður gerzt sekur um hegningarlaga brot, þykir eftir atvikum og samkvæmt 75. gr. almennra hegningarlaga unnt að ákveða, að fresta skuli ákvörðun refsingar ákærða og refsíákvörðun falli niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Gunnar Sigurður Magnússon hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 83.262.00. Eru kröfurnar sundurliðaðar þannig:

A. Útlagður kostnaður.

1. Greitt slysavarðstofu	kr. 215.00
2. Akstur á slysavarðstofu	— 240.00
3. Áverkavottorð	— 500.00
4. Fatahreinsun	— 257.00
	————— kr. 1.212.00

B. Fatspjöll, frakki ónýtur, ÷ 50% — 2.050.00

C. Atvinnutekjutap í 6 vikur — 30.000.00

D. Bætur fyrir ófjárhagslegt tjón, þ. e. vegna þjána-
 inga og varanlegra lýta í andliti vegna nefbrots,
 sbr. áverkavottorð kr. 50.000.00

Samtals kr. 83.262.00

Lagðir hafa verið fram reikningar vegna liða A, 1, 3—4.
 Ákærði hefur mótmælt kröfunum. Þá er metin eru málsatvik öll,
 sem rakin hafa verið hér að framan, þykja heildarbætur til bóta-
 krefjanda eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 25.000.00.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með
 talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, en Magnús Thor-
 laciús hæstaréttarlögmaður, skipaður verjandi ákærða, óskaði
 ekki eftir, að um málsvarnarlaun hans yrði dæmt í máli þessu.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Leifs Ingólfssonar, skal
 fresta, og fellur refsíákvörðun niður að liðnum 2 árum frá
 uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt
 skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4.
 gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Gunnari Sigurði Magnússyni, Skólavörðu-
 stíg 3 A í Reykjavík, kr. 25.000.00.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknar-
 laun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.
